

Dultrú eins og þessi er skaðleg, því, í stað þess að gefa hæstu áhugamálum mannsins nokkurn helgiblae eyðileggur hún þau. Þeir sem fylgja henni njóta í hófleysi „eintómrar tilfinningar um hið guðdómlega”, í stað þess að gera sér grein fyrir, að það er einmitt mannlegar hugsanir og kærleikur sem er heilagt. Eins og Edward Caird hefir vel að orði komist: „Það er ekki í þögn og andlegu aðgerðaleysi, heldur í hinu hæsta og fullkomnasta starfi, sem komist verður næst hinu guðdómlega”. Frakkneski heimspekingurinn, Cousin, sagði þennan sannleik í sínum vel völdum orðum: „Hin sanna sameining sálarinnar við guð verður með tilhjálp dygðar og sannleika. Sameining af öllu öðru tagi er hugarburður, hætta og stundum glæpur. Manninum er ekki gefið í sjálfs vald að afsala sér, undir nokkru yfirskyni, því sem gerir hann að manni og færar um að skilja guð og að vera ófullkomin í mynd hans; það er, skynsemi, vilja og meðvitund”.

Á móti þessari heimspekilegu dultrú, sem kendi mönnunum að nálgast guð með því að líta smáum augum á náttúruna og skynsemina og fórnfæra öllu því, sem er sérstaklega mannlegt, verðum vér að setja þá síðferðislegu dultrú, sem finnur nærveru hins guðdómlega í öllu heilbrigðu mannlegu starfi, og sem er trú á sínu hæsta og bezta stigi. Þeir, sem þessa dultrú hafa, syngja ekki lengur „Ó, að vera ekkert, ekkert”; en andi hennar birtist í þessum fagra sálmí eftir Ellerton:

“Thine is the loom, the forge, the mart,
The wealth of land and sea;
The world of science and of art,
Revealed and ruled by thee.

Work shall be prayer, if all be wrought
As thou wouldst have it done;
And prayer by thee inspired and taught,
Itself with work be one”.

Hér hverfur öll röng mótsetning. Hið guðdómlega er ekki